

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar að afgreiða erindi er honum heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga, frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, og skv. stjórnáslögum nr. 37/1993.

Skulu slík kærumál send til bæjarlögmannsins á Akureyri. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðar umhverfissráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 16. gr. laganna, til að öðlast gildi 19. mars 1996 og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 3. apríl 1996

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291/1995,
um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 1. maí 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfissráðuneytinu, 16. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.